

Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR.

1. TÖLUBLAÐ.
JANÚAR 1980.

Gleðilegt ár þar sem undirritaður er enn að jafna sig eftir gamlárskvöldið og ekki sízt þar sem prófaannir eru framundan, er hálfgerður þynnkubragur á Fréttabréfinu í þetta sinn. Væntanlega verður gerð á þessu bragarbót með hækkandi sól og meira efni frá ykkur, lesendur góðir.

73 de TF3KX

DXCC staðan:

TF3CW	204
TF3YH	201
TF3SG	160
TF3JB	147
TF3035	116
TF3US	118
TF3DC/	
TF5DC	152
TF3AC	105
TF3HN	62
TF3UA	56
TF3BS	48
TF3GCN	44
TF3IJ	41
TF3KX	40
TF3S0	9
TF3KCN	2
TF3033	2
TF3ANN	1
TF5AKU	1

TF3SG hefur að undanfögnu staðið fyrir fjarskiptum héðan á 6 metrunum. Hingað til hefur þetta svið verið lokað amatörum hérlandis, en í desember sl. mun Sveinn hafa fengið bráðabirgðaleyfi til sendinga þarna, eða eitthvað fram um áramót. Sveinn kvaðst hafa átt í nokkru stíma-
braki við að út-
búa nothæf tæki
þar efra, en
fyrsta sambandinu
náði hann svo helg-
ina 15.-16. des. við
AC1D Mass., að hann
minnti. Eitthvað mun
Ameríkaninn hafa verið
vantrúaður á að TF3SG
væri ekki „pírat“, að því er
Sveini heyrðist og ekki fékk
hann nema 519 í RST. Síðan
hefur náðst í aðra DX-a, einn-
ig á SSB, en meira um það síðar.



WARC-1979 ráðstefnan hefur nú lokið störfum. Mikil fjölgun. varð á neðanmálgreinum við tíðnitöfluna. Í þeim koma m.a. fram ýmsar sérúthlutanir tíðnisviða til einstakra landa og þjónusta, sem gera tíðniskiptinguna minna alþjóðlega en áður. Tíðnitafla ráðstefnunnar gengur almennt í gildi eftir 2 ár, þ.e. 1. janúar 1982, nema á þeim tíðnum, sem annað er ákveðið um.

Hér verður gerð stutt grein fyrir því helsta, sem radióamatöra varðar, þó ekki sé tæmandi: Þegar á heildina er litið, geta radióamatörar vel unað niðurstöðum ráðstefnunnar varðandi sín mál. Ótti við að amatörar misstu einhver bönd reyndist ástæðulaus, og bættust nokkur við þess í stað. Fyrir neðan 30 MHz eru helstu tíðnimál, sem okkur varða, þessi:

1. öllum núverandi tíðnum haldið.
2. Þrjú ný bönd hafa bætt við á alheimsgrundvelli.
Þau eru: 10,100 - 10,150 MHz, 18,068 - 18,168 MHz og 24,890 - 24,990 MHz. Tvö síðari böndin eru fyrir amatöra eingöngu, en verða ekki opnuð þeim fyrr en einhverntíma á bilinu 1984 - 1989. 10 MHz bandið, sem amatörar fá afnot af ásamt fastastöðvum, sem hafa forgangsrétt, ætti að geta opnast amatörum þegar árið 1982.
3. Í svæði 1 (Region 1), sem Ísland er í, er 1,810 - 1,850 MHz nýtt band, eingöngu fyrir radióamatöra. Það verður þó aðeins 1,830 - 1,850 MHz í sumum löndum og sameiginlegt með núverandi notendum í sumum öðrum. Ekki varð séð af þeim gögnum, sem þetta er fengið úr, hvað af þessu á við Ísland. Auk þess bættust þó nokkur ný lönd við núverandi neðanmálgrein, sem geta heimilað sínum amatörum afnot af stærra tíðnisviði en að ofan greinir, með allt að 10 W afli. Ísland var ekki í þessum hópi; þótt Noregur og Svíþjóð væru það, en Danmörk og Finland. voru þar fyrir.
4. Ályktað var með naumum meirihluta, að útvarpsstöðvum skyldi bannað að vera á 7,000 - 7,100 MHz sviðinu.

Fyrir ofan. 50 MHz er mikið um nýjar neðanmálgreinar og verða radióamatörar í mörgum löndum að deila böndunum fyrir ofan 146 MHz með öðrum, sem ekki voru þar áður. Nokkur ný bönd voru opnuð radióamatörum fyrir ofan 40 GHz. Loks má geta þess, að gerð var ályktun varðandi notkun amatörtíðna til neyðarfjarskipta. 73 de TF3KB.

\$\$\$-£££-KrKr.... Á nýafstöðnum félagsfundi í Í.R.A. bar innheimtu félagsgjalda nokkuð á góma. Fram kom að um áramótin höfðu rétt um 60% af útistandandi gjöldum innheimst. Þótt þetta sé ekki nýlunda, er það engan veginn nógu gott og líklegast fremur framtaksleysi en fátækt hjá flestum að standa skil á 7000.- Kr., sem ekki er mikill aur nú á dögum. Stungið var upp á ýmsum rót-tækum innheimtuaðgerðum og þær ræddar vítt og breitt. Hins vegar mun óhægt um vik, þar sem mikill hluti ógreiddra félagsgjalda er hjá félögum úti á landi. Gjaldkeri (Gísli Ófeigsson, s.18023) hvetur því menn til að gera skil hið fyrsta.

Prófmál: Af ótilgreindum ástæðum lét P&s hjá líða að svara beiðni félagsins um A- og C-próf, sem send. var þeim í nóvember sl. Þess vegna hefur þeim verið skrifað nýtt bréf, þar sem þess er farið á leit, að A- og C- próf verði haldin föstudaginn 25. janúar nk. eða öðrum þeim degi, sem kann að henta þeim betur. Ennfremur var farið fram á leyfi . til að halda nýliðapróf laugardaginn. 26. janúar nk. kl. 1400 í félagsheimili Í.R.A. Þeir, sem hafa hug á að fara í próf ættu því að fylgjast með því í félagsheimilinu eða hjá stjórnarmönnum, hver svör fást við þessum beiðnum.

-Stjórn Í.R.A.

Fundarboð: Hringborðsfundur verður haldinn í félagsheimili Í.R.A. mánudaginn 21. janúar 1980. Fundarefni er gagnkvæm leyfismál bandaríkjamanna og íslendinga og önnur skyld mál. Fundurinn hefst kl. 2100.

Félagsfundur verður haldinn í félagsheimili Í.R.A. mánudaginn 28. janúar 1980, kl. 2100.

- Dagskrá:
1. Neyðarfjarskipti.
 2. Hugsanlegar breytingar á félagssamþykktum.
 3. önnur mál.

Aðalfundur Í.R.A. 1980 verður haldinn í félagsheimili Í.R.A. að Dugguvogi 1B, Reykjavík, kl. 1400 sunnudaginn 3. febrúar 1980. Dagskrá. skv. félagssamþykktum.

-Stjórn Í.R.A.

Munir



þappdrætti

S. J. B. S.

TÍZKVERZLUN
Lægisvogi 37 og 89
sími 12861 Reykjavík



VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar

Fékkst þú þér TROPICANA í morgun? – Sólargeislinn frá FLORIDA –

FJÖLKRITUNARSTOFA DANIELS HALLDÓRSSONAR hefur fjölritað FRÉTTA-
bréfið á vildarkjörum og á þakki skildar fyrir, ásamt auglýsendum
og úrum stuðningsaðilum.

FRÉTTABRÉF Í. R. A.

Útg.: Íslenskir radíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aboetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & dba.: Kristinn Andersen (TF3XX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3XX, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar

fyrir mestu dögðu.

